

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Grundarfjarðar.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem skipulagt er og vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Grundarfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar kýs þrjá menn í vatnsveitunefnd, sem annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til þess að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

5. gr.

Leggja skal vatnsæðar svo víða um kaupúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögn í hús hans og annast viðhald þeirra á sinn kostnað. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitunefnd setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunefndarinnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögnum vatnsæðar að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda, eða með því, að gjöld fyrir vatnsnot verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina. Vatnsveitan hefur einkarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi sé um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, er leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaður í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreining út af þessu atriði má skjóta undir dóm hreppsnefndar.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæð er lokuð.

9. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr., skal greiða vatnsskatt $2\frac{1}{2}\%$ fasteignamatsverðs árlega, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 250.00.

10. gr.

Fiskvinnslustöðvar og verksmiðjur, sem nota vatn til iðnaðar, skulu hafa vatnsmæli á inntakslögn, sem allt vatn til vinnslunnar fer í gegnum.

Vatnsveitan á mælana, og sér um viðhald þeirra. Komi í ljós, að vatnsmælir sé bilaður, eða mæli ekki vatnið rétt, er heimilt að áætla vatnsnotkunina eftir fyrri notkun.

Fyrir vatn í gegnum mæli skal greiða kr. 1.00 fyrir smálest. Ef mælir er ekki kominn á vatnslögn iðnfyrirtækja, skal greiða 5% af fasteignamatsverði.

11. gr.

Auk vatnsskatts, er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir vatn til skipa kr. 15.00 fyrir smálest, þó sé aldrei greitt minna fyrir vatn til fiskiskipa en kr. 50.00 og annarra skipa kr. 200.00. Trillubátar greiði kr. 50.00.
- b. Heimilt skal hreppsnefnd að semja um fast árgjald fyrir neytluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Grundarfirði og einnig að ákveða lágmarksgjald á bílaþvottaplönunum.

12. gr.

Tengigjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húsa, og þar að auki kr. 1000.00 fyrir einbýlishús og kr. 700.00 fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsum. Tengigjald til verksmiðjuhúsa og annarra húsa, skal vera $1\frac{1}{2}\%$ af fasteignamati, en heimilt er að semja sérstaklega um tengigjald, ef um mikil vatnsnot er að ræða.

Sé vatnsæð tengd í hús áður en fasteignamat er komið á húsið, er heimilt að áætla tengigjald og vatnsskatt og skal greiða eftir því þar til fasteignamat er komið á húsið, og endurreikna skal þá samkvæmt fasteignamati og endurgreiða, ef ofgreitt hefur verið, en innheimta ef vangreitt er.

13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldddagi vatnsskatts húsa er 15. febr. ár hvert og innheimtist þá í einu lagi fyrir liðið ár.

Vatn selt gegnum mæli skal greiðast á þriggja mánaða fresti. Vatn til skipa og vatn selt eftir sérstökum samningi skal greiða við afhendingu.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjaldddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum.

Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnsveitulögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Vatnsveitufélag Grafarness, nr. 23 2. febrúar 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgöngumálaráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til að reka fastar áætlunarferðir á eftirtöldum flugleiðum til næstu 5 ára:

1. Reykjavík—Ísafjörður—Reykjavík.
2. Reykjavík—Sauðárkrókur—Reykjavík.
3. Reykjavík—Akureyri—Reykjavík.
4. Reykjavík—Húsavík—Reykjavík.
5. Reykjavík—Kópasker—Reykjavík.
6. Reykjavík—Þórshöfn—Reykjavík.
7. Reykjavík—Egilsstaðir—Reykjavík.
8. Reykjavík—Hornafjörður—Reykjavík.
9. Reykjavík—Öræfi (Fagurhólsmýri)—Reykjavík.
10. Akureyri—Egilsstaðir—Akureyri.